



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. október 2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um byggingavörur, 54. mál.**

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 25. september sl., þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um byggingavörur, 54. mál. Eins og fram kemur í umræddri beiðni er um að ræða frumvarp til laga sem einnig var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Þá segir í athugasemdum við frumvarpið að við undirbúning þess hafi verið tekið tillit til breytingatillagna umhverfis- og samgöngunefndar við fyrra frumvarpið.

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og SVP - Samtök verslunar og þjónustu skila sameiginlegri umsögn um frumvarp þetta en samtökin hafa áður í umsögnum til umhverfis- og auðlindaráðuneytis og umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis lýst yfir almennum stuðningi við efni frumvarpsins. Ítrekast hér að samtökin sendu sameiginlega umsögn um frumvarpið á síðasta löggjafarþingi, sbr. umsögn samtakanna frá 30. október 2013, og er sú umsögn ítrekuð hér með og vísað almennt til þeirra athugasemda sem þar koma fram og varða frumvarp það sem hér er til umfjöllunar. Eins og fram kemur í umræddri umsögn þá telja samtökin mikilvægt að reglugerð Evrópusambandsins um þetta efni 305/2011/ESB verði innleidd hér sem fyrst.

Að gefnu tilefni vilja samtökin í erindi þessu ítreka sérstaklega fyrirbyggjandi athugasemd samtakanna er varðar 6. gr. frumvarpsins um tilkynningaryfirvald og tilkynntan aðila. Eins og fram kemur í fyrri umsögn samtakanna er óvissa uppi um hæfi innlendra stjórnvalda til að hafa eftirlit með og annast stjórnslu varðandi tilkynnta aðila. Vísast til þeirra athugasemda fram koma í umræddri umsögn hvað það álitamál varðar. Athugasemd þessari til frekari stuðnings vísast hér einnig til fyrirbyggjandi frumvarps til fjárlaga þar sem segir eftirfarandi: „*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vinnur nú að aðgerðaáætlun til að endurskoða frá grunni starfsemi faggildingar á Íslandi enda liggur fyrir að það mun þurfa verulegt átak á næstu árum til að koma málefnum faggildingar á Íslandi í gott horf. Sviðið uppfyllir ekki nokkrar grundvallarkröfur sem gerðar eru til faggildingar samkvæmt Evrópureglum og er framlagi þessu ætlað að tryggja þá þætti í starfsemi stofnunarinnar.*“


Í ljósi þessa er að óbreyttu ekki til staðar forsendur til þess að mæta þeim kröfum og skilyrðum sem fram koma í umræddri 6. gr. frumvarpsins og öll óvissa á því sviði hefur óneitanlega áhrif á bæði starfsemi stjórnvalda og þeirra hagsmunaaðila sem undirorpin eru ákvæðum þessa frumvarps til byggingarlaga.



Að öðru leyti gera samtökin ekki frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

  
F.h. Samtaka atvinnulífsins

  
F.h. Samtaka iðnaðarins

  
F.h. SVP-Samtaka verslunar og þjónustu